

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Áhrif tvítyngis málhafa á þróun íslenska táknmálsins

Nafn styrkþega: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Útdráttur: 75% döff barna á máltökualdri á Íslandi eiga tvö táknmál að móðurmáli og eru af erlendum uppruna. Þau alast því upp við tvö táknmál. Engin rannsókn hafði verið gerð á tvítyngi barna þar sem bæði málin eru táknmál. Hér gafst því einstakt tækifæri til þess að fylgjast með breytingum á íslensku táknmáli (ÍTM) samhliða því að fá einstæðar upplýsingar um mál barnanna. ÍTM er í útrýmingarhættu og býr núna auk þess við mikil erlend áhrif. Það er afar brýnt að fylgjast með þeim áhrifum sem málið verður fyrir og skrá hvaða þróun á sér stað. Það er lagaleg skylda bæði ríkis og sveitarfélaga að hlúa að ÍTM, styðja, varðveita og efla það (lög nr. 61/2011). Tilgangur með verkefninu var m.a. að skrá þær breytingar sem verða í málinu og fylgjast grannt með hvers konar mál er að mótast og í hvað stefnir. Þetta er gert m.a. til þess að aðlaga túlkabjónustu Samskiptamiðstöðvar að því máli sem er talað af börnunum og veita túlkabjónustu á máli sem börnin skilja. Niðurstöður greiningarvinnunnar sýna að ÍTM verður fyrir miklum áhrifum bæði frá erlendum táknmálum og frá íslensku raddmáli. Ný setningagerð er að festast í máli barnanna sem byggir á málfræði móðurtákna þeirra. Myndun tákna í ÍTM og tákna úr ÍTM breyta um merkingu. Skráning allra þessara upplýsinga er ómetanleg.